

3. stjórnarfundur EBAK 5. júní 2018

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Margrét Pétursdóttir ritari, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson, Egill Jónsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

Fjarverandi: Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Hallgrímur Gíslason og Birgir Svavarsson.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fundinn.
2. **Fundargerð stjórnar EBAK** nr. 2 frá 8. maí 2018 yfirfarin og samþykkt.
3. **Fundargerð aðalfundar 2017** afgreidd formlega og fer á vefsíðu EBAK. Fundargerð aðalfundar 2018 kynnt og rædd. Ákveðið að fresta afgreiðslu til hausts.
4. **Dagbók** á skrifstofu yfirfarin og rædd. Dóra var 9. maí, 4 skráðu sig í félagið. Halldór var 16. maí. Einn kom í viðtalstímann og þurfti að fá nýtt félagsskírteini. Egill var 23. maí. Kolbrún var 30. maí. Þá kom einn og gekk í félagið. Margrét verður 6. júní og svo verður skrifstofan lokuð í sumar.
5. **Umfjöllun um verkefni milli stjórnarfunda.**

a) Opinn fundur EBAK og öldungaráðs var haldinn í Bugðusíðu 1 þann 17. maí sl. Á hann komu 46 manns, þar af 11 frambjóðendur til sveitarstjórnar á Akureyri, enda kosningar þann 28. maí nk. Frummælendur á fundinum voru Dagbjört Pálsdóttir formaður Öldungaráðs sem kynnti Öldungaráðið. Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrarbæjar gerðu grein fyrir þjónustu Akureyrarbæjar við eldri borgara, kröfur um innihald þjónustunnar og tækifæri til samþættingar í þeirri þjónustu. Fundurinn var fróðlegur og efnilegt að halda áfram með slíka upplýsingagjöf.

b) Fundur gönguklúbbs EBAK og 4 stjórnarmanna 22. maí. Jónas Stefánsson formaður gönguklúbbsins og þær Valgerður Jónsdóttir og Svala Sigurðardóttir hafa fengið þrjá féлага til liðs við sig. Það eru Magnús Friðriksson, Þórey Bergs og Aðalheiður Arnórsdóttir.

Góður fundur og skipulegur. Þau lögðu fram áætlun um 12 gönguferðir í sumar þ.e. júní, júlí og ágúst. Þau skipta umsjón og leiðsögn með sér. Margrét útbjó skyndihjálpartösku og afhenti klúbbstjórninni. Gjaldkeri greiðir kostnaðinn.

Haukur benti á að þarna væru fyrirhugaðar áhugaverðar ferðir í nágrenni Akureyrar og víðar.

c) Tiltekt á skrifstofu EBAK þann 23. maí sl. Dóra Steinunn, Halldór og Hallgrímur tóku þá rækilega til hendinni á skrifstofunni í Bugðusíðu. Tiltektin fólst í því að flokka og raða í hillur möppum og skriflegum gögnum í eigu félagsins, einnig ýmsum munum o.fl. Úreltum pappír og dóti var komið í endurvinnslugáma. Einnig var ýmsum skjölum raðað í möppur sem ætlaðar eru stjórnarmönnum og formönnum nefnda. Gert er ráð fyrir að tiltekt og endurskipulagi ljúki í október nk.

Haukur ætlar að hafa samband við Jónasínu til að fá kórinn til að athuga með skáp kórsins á skrifstofunni í Bugðusíðu.

d) Fundur framkvæmdaráðs stjórnar (FKR) með Bergljótu Jónasdóttur 28. maí.

Vetrardagskráin í félagsmiðstöðvunum í Bugðusíðu og Víðilundi þarf að vera tilbúin í lok ágúst. Reiknað er með að mest af starfsemi félagsins og bæjarins verði í svipuðum skorðum og síðasta vetur. Bergljót vill hjálpa til með að finna verktaka ef óskir um námskeið koma frá EBAK. Rætt hefur verið um að halda ýmis námskeið s.s. dansnámskeið, stólajóga, matreiðslunámskeið, briddsnámskeið, kennslu á síma og spjaldtölvur, búa til minninga-sönguklúbb, skriðsundsnámskeið o.fl.

- e) Bergljót fór samdægurs að vinna í óskum okkar um sumarhúsgögn á pallinn í Bugðusíðu og wc í Krossanesborgum. Eitthvað af sumarhúsgögnunum komu í dag, 5. júní.
- f) Fundur með fulltrúum Bugðusíðunefndar 23. maí. Myndarleg auglýsing kom í Dagskránni og starfsemin síst minni en í fyrra sumar. Matur frá Matsmiðjunni var í dag í hádeginu og verður tvisvar í viku í júní. Opið verður alla virka daga í júní.
- g) Linda Sigfúsdóttir er ráðinn starfsmaður EBAK frá og með 1. júní sl. Haukur og Linda gengu frá samningi sem gildir út september.
6. **Samningur** (vinnutími, kaup og kjör) og starfslýsing starfsmanns EBAK í Bugðusíðu frá og með 1. júní 2018 ræddur einnig yfirvinna vegna salarleigu.
 7. **Starfsmannahald í Bugðusíðu** frá hausti 2018. Stjórnarmenn voru sammála um að æskilegt væri að ráðið yrði í tvö hlutastörf, þar með taldar afleysingar vegna forfalla o.fl. Við þurfum að skoða hvernig við getum hagrætt, skipulagt og fengið félagana til að sjá um ákveðna þætti. Stjórnin felur FKR að undirbúa starfsmannahaldið.
 8. **Sumarstarfið 2018 í félagsmiðstöðvunum** í Bugðusíðu og Víðilundi. Starfsmaður og nefndir (sjá m.a. auglýsingar). Búið að skipuleggja starfsemina í báðum félagsmiðstöðvunum í júní og auglýsingar komnar í Dagskránni. Nákvæm útfærsla á starfinu í júlí er í vinnslu.
 9. **Sumarstarf nefnda 2018:** göngunefnd, gönguklúbbur, golfnefnd og ferðanefnd. Frágengið, búið að auglýsa allt og komið í gang.
 10. **Styrkbeiðni** ferðanefndar upp á kr. 200.000 rædd og afgreidd með bókun. Pantanir þarf að staðfesta með greiðslu strax við pöntun í flestar innanlandsferðir núorðið. Ákveðið fjármagn verður því að vera til reiðu þegar byrjað er að skipuleggja ferðir. Umræður urðu um með hvaða móti framlag félagsins til starfsemi ferðanefndar skyldi vera. **Niðurstaðan varð eftirfarandi bókun sem var samþykkt:**
Stjórn EBAK barst bréf frá ferðanefnd félagsins 27. mars sl. þar sem nefndin óskar eftir rekstrarstyrk að upphæð kr. 200.000. Í sjóði á nefndin rúmlega kr. 300.000. Styrkbeiðnin byggir á því að halda niðri verði á innanlandsferðum og því að fyrir kemur að endurgreiða þarf fólki sem forfallast vegna veikinda eða af öðrum lögmætum ástæðum. Þetta m.a. hefur áhrif á fjárhagsstöðu nefndarinnar í lok hverrar ferðar.
Með tilliti til fjárhagsstöðu nefndarinnar samþykkti stjórn félagsins á fundi sínum 5. júní 2018 að veita nefndinni styrk að upphæð kr. 150.000. Starfslýsingar nefnda félagsins á að endurskoða á árinu 2019 samkvæmt fyrri samþykkt.
 11. **Skjöl frá Hallgrími og Halldóri**, umræðu og afgreiðslu frestað til hausts.
 12. **Samþykkt að færa stjórnarfund** af þriðjudögum yfir á miðvikudaga kl. 13 – 15 Skrifstofan verði opin kl.15 -16 þegar hún verður opnuð eftir sumarið.
 13. **Haustfundur** með formönnum nefnda o.fl. í byrjun september 2018. Ákveðum dagsetningu fyrir formannafundinn á fundi í ágúst.
 14. **Næsti fundur FKR 21. ágúst og stjórnarfundur EBAK 29. ágúst.**
 15. **Önnur mál:**
 - a) **Prentun** á samþykktum EBAK í vinnslu
 - b) **Skjalavarsla** á skrifstofu (rafræn og í möppum) í vinnslu.
 - c) **Möppur** með gögnum fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda EBAK eru að verða tilbúnar.
 - d) **Húsnæðismál í Bugðusíðu**, FKR fái leyfi til að ræða við nýju bæjarstjórnina. Samþykkt.
 - e) FKR er á bakvakt vegna starfsemi Bugðusíðunefndar í Bugðusíðu í sumar.

Formaður sleit fundi kl. 15.

Margrét Pétursdóttir, ritari